

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 312/2007 um stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands.

#### 1. gr.

16. gr. verður svohljóðandi:

#### *Hæf verðbréf til tryggingar fyrir heimildum.*

Hæf verðbréf til tryggingar fyrir heimildum í stórgreiðslukerfi geta verið innstæðubríf Seðlabankans, spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf, ríkisvixlar og skuldabréf sem gefin eru út í íslenskum krónum og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Útgefið markaðsvirði flokks sé yfir 3 ma.kr. og staðfest að það magn hafi selst.
2. Útgefandi hafi lánshæfismat frá einhverju þriggja matsfyrirtækja: Standard & Poor's, Moody's eða Fitch og langtímalánshæfiseinkunn A- eða betra miðað við matskerfi Standard & Poor's og Fitch og A3 eða betra hjá Moody's.
3. Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs eru metin eins og ríkissjóður sé útgefandi.
4. Verðbréfin séu í viðskiptavakt á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðurkenndum upplýsingaveitum sem Seðlabankinn samþykkir (svo sem Bloomberg).
5. Verðbréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með lokagjalddaga fyrir lok samningstímans.
6. Verðbréf, önnur en innstæðubríf Seðlabankans, skulu vera rafrænt skráð.

Bankastjórn er jafnframt heimilt að samþykkja aðrar tryggingar fyrir heimildum í stórgreiðslukerfi en að framan greinir að uppfylltum þeim skilyrðum sem hún setur.

Auk verðbréfa sem útgefin eru í íslenskum krónum, er þátttakendum heimilt að leggja fram rafrænt skráð verðbréf (skuldabréf og víxla) í erlendri mynt sem uppfylla kröfur Seðlabanka Íslands um hæf bréf til ávöxtunar gjaldeyrisforða bankans. Seðlabanki Íslands metur veðhæfi viðkomandi verðbréfa í hverju tilviki fyrir sig. Bréfin skulu uppfylla skilyrði 1. mgr. en útgefið markaðsvirði flokks skal vera yfir 1 ma. Bandaríkjadollara eða 1 ma. evra og staðfest að það magn hafi selst. Bréfin skulu einnig vera án uppgreiðslu- og innköllunarákvæða og ekki innihalda vilnanir eða vaxtaþrep. Verðbréf í erlendum myntum skulu ekki fara yfir 30% af gildandi tryggingum þátttakanda.

Ekki er heimilt að leggja fram til tryggingar víkjandi skuldabréf.

Útgefanda er ekki heimilt að nota eigin bréf til tryggingar fyrir uppgjörshæimild né er heimilt að nota bréf útgefanda sem viðkomandi þátttakandi á virkan eignarhlut í sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Séu bréf dregin út eða falli í gjalddaga á gildistíma heimildarstöðu sinnar í greiðslukerfi eða óski seljandi eftir því að fá þau afhent, skal hann leggja fram ný hæf verðbréf, og skal þá matsverð þeirra vera a.m.k. jafnhátt og matsverð hinna útdregnu eða gjaldföllnu verðbréfa.

Þátttakandi ábyrgist að verðbréf lögð fram til tryggingar séu veðbanda- og kvaðalaus.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. október 2008.

*Seðlabanki Íslands,*

**Davíð Oddsson,**  
formaður bankastjórnar.

**Eiríkur Guðnason**  
bankastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2008